

Erindisbréf fyrir skipulags- og mannvirkjanefnd

Almennt

1. gr. —

Undir yfirstjórn bæjarstjórnar fer Skipulags- og mannvirkjanefnd með málefni er varða skipulagsmál og húseignir á vegum bæjarins eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum, reglugerðum og erindisbréfi þessu.

Skipan nefndar, kjörtímabil og trúnaðarskylda

2. gr.

Skipulags- og mannvirkjanefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Kjörtímabil nefndarinnar er það sama og bæjarstjórnar. Nefndin skal halda gerðabók og skulu fundargerðir hennar sendar bæjarstjórn til staðfestingar. Fulltrúar í nefndinni skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

Fundarhöld

3. gr.

Skipulags- og mannvirkjanefnd skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en sex sinnum á ári. Skipulagsfulltrúi skal boða fundi í nefndinni í samráði við formann hennar. Skipulagsfulltrúi og bygginga- og mannvirkjafulltrúi sitja að jafnaði fundi skipulags- og mannvirkjanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál. Nefndin skal skrá móttekin erindi og afgreiðslu þeirra.

Hlutverk

4. gr.

Hlutverk Skipulags- og mannvirkjanefndar er:

- að fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn bæjarstjórnar.
- að vera bæjarstjórn til ráðuneytis varðandi uppbyggingu og viðhald mannvirka í eigu bæjarins.
- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar hvað varðar stefnumörkun og uppbyggingu vatns- og fráveitu. Einnig skal nefndin vera til ráðgjafar hvað varðar bruna- og umferðaröryggismál.

Verkefni
5. gr.

Verkefni Skipulags- og mannvirkjanefndar eru:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi er tengjast mannvirkja- og skipulagsmálum.
- að fjalla um stefnumörkun í skipulagsmálum og hafa forgöngu um gerð og breytingar á skipulagsáætlunum og fjalla um skipulagstillögur.
- að annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu aðalskipulags í umboði bæjarstjórnar.
- að annast vinnslu og kynningu deiliskipulags og undirbúning afgreiðslu deiliskipulags ásamt því að annast grenndarkynningar vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi og vegna byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna í þegar byggðum hverfum, þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag.
- að fjalla um athugasemdir við auglýstar skipulagstillögur, gera tillögur til bæjarstjórnar um endanlega afgreiðslu skipulagstillagna, veita umsagnir um hvort leyfisskyldar framkvæmdir séu í samræmi við skipulagsáætlanir og hafa eftirlit með því að framkvæmdir háðar framkvæmdaleyfi séu í samræmi við staðfest aðalskipulag og gildandi deiliskipulag og lagaákvæði og reglugerðir um skipulagsmál.
- að fara með verkefni samkvæmt skv. skipulagslögum nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013, lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 og fylgjast með að ákvæði þeirra séu haldin.
- að leggja fram tillögur um nöfn gatna, torga og opinna svæða. að hafa eftirlit með brunamálum fyrir hönd sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði laga um brunavarnir nr. 75/2000.
- að vera stefnumótandi í málefnum mannvirkja í eigu bæjarins, í vatnsveitu- og fráveitumálum og í umferðaröryggismálum.
- að fylgjast með skipulags-, byggingar- og mannvirkjamálum í Hveragerðisbæ og leggja mat á stöðu þeirra í bæjarfélaginu.
- að stuðla að því að ásýnd mannvirkja bæjarfélagsins sé til fyrirmyndar, og snyrtimennska og góð umgengni sé í heiðri höfð.
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

Fundargerðir og ákvarðanir
6. gr.

Skipulagsfulltrúi er framkvæmdastjóri og ráðgjafi nefndarinnar og sér um ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað og sendir afrit fundargerða til bæjarstjórnar. Hann undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir nefndarinnar eftir að bæjarstjórn hefur staðfest þær. Byggingafulltrúi leggur fram til kynningar upplýsingar um veitt byggingaleyfi í bæjarfélaginu.

Ályktanir og fjárveiting
7. gr.

Ályktanir Skipulags- og mannvirkjanefndar skulu hljóta samþykki bæjarstjórnar.

Réttindi og skyldur fulltrúa
8. gr.

Um réttindi og skyldur fulltrúa í Skipulags- og mannvirkjanefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Hann skal láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og boða staðgengil sinn.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni og eru atkvæðisbærir fundarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann vikur af fundi.

Upplýsingaskylda, fjárreiður og aðrar samþykktir
9. gr.

Skipulags- og mannvirkjanefnd skal vera vel upplýst um málefni mannvirkja, veitna og annarra eigna bæjarins, sem bæjarstjórn felur henni að fjalla um.

Skipulags- og mannvirkjanefnd ber ekki ábyrgð á rekstri né annast fjárreiður og reikningshald mannvirkja, veitna eða annarra stofnana bæjarins, sem hún fjallar og ályktar um.


Skipulags- og mannvirkjanefnd skal að öðru leyti starfa á grundvelli samþykktu um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og sveitarstjórnarlaga.

Önnur ákvæði og meðferð mála
10. gr.

Séu ákvæði í lögum, samþykktum bæjarins eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan nefndarinnar, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal þess gætt að þau ákvæði séu uppfyllt.

Nefndin skal ávallt gæta ákvæða stjórnsýslulaga við meðferð mála.

Hveragerði 13. september 2018


Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri

